


ÞINGGERÐ
KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS
ÍSLANDS



27. ÁRSPING
1986-1987

27. ARSÞING

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

27. ÁRSÞING KÖRFUKNATHLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

Haldið í fundarsal ISI í íþróttamiðstöðinni Laugardal 24. maí 1987.

FYRRI HLUTI:

1. SETNING ÞINGSINS.

Formaður KKI, Björn M. Björgvinsson, setti þingið. Hann bauð alla velkomna og þá sérstaklega forseta ISI Svein Björnsson. Þar næst var gengið til dagskrár.

2. a) KOSNING KJÖRBRÉFANEFNDAR.

Stungið var upp á: Eyjólfí Guðlaugssyni
Ragnari Sigurðssyni
Auðunni Ágústssyni
og voru þeir rétt kjörnir.

b) KOSNING ÞINGFORSETA.

Lagt var til að Hermann Guðmundsson yrði 1. þingforseti og Björn M. Björgvinsson 2. þingforseti. Ekki bárust fleiri tillögur og voru þeir því rétt kjörnir.

c) KOSNING ÞINGRITARA.

Asta Kr. Sveinsdóttir var kosin þingritari og Sigurður Hjörleifsson varaþingritari.

Ákveðið var að biða með kosningu fastra nefnda þar til kjörbréfanefnd hafði lokið störfum.

3. SKYRSLA STJÓRNAR.

Formaður KKI, Björn M. Björgvinsson fór yfir helstu verkefni fráfaramandi stjórnar og nefnda. Til hliðsjónar notaði hann skýrslu stjórnar KKI í árskýrslu KKI 1986-1987. Hann sagði m.a. að frá og með september mánuði hefðu Kristinn Albertsson og Björn M. Björgvinsson skipt með sér verkum sem framkvæmdastjórnar KKI. Hann sagði að enn einu sinni hefði gengið illa að finna menn í mótanefnd og hefði því niðurstaðan orðið sú að hann og Kristinn Albertsson tóku að sér að sinna störfum nefndarinnar. Tvær millipinganefndir störfuðu á síðasta keppnistímabili og ljúka þar báðar störfum á þessu þingi. Hann sagði marga dómara hafa verið á faraldsfæti s.l. vetur og sagði að allir þessir menn hefðu verið þjóð sinni til sóma, sem staðfesti að við ættum mjög góða dómara, en vandamálið væri að þeir væru of fáir. Styrkur fékkst frá menntamálaráðuneytinu vegna þátttöku okkar í B og C keppninni. Hann minntist á að LOTTO leikurinn gengi mjög vel sem þýddi að íþróttahreyfingin gæti nú hugsanlega farið að hafa meiri peninga til ráðstöfunar. Hann pakkaði Sinda-Stál h/f fyrir bikar sem þeir gáfu til keppni í úrvaldeild en þessi bikar á eftir að vera í umferð næstu áratugi.

Skólamót KKI var haldið með öðru sniði nú en áður, einnig minntist hann á að íþróttakennarar í Reykjavík væru mjög andsnúnir þessum mótum. KKI réðst í tölvukaup og var ákveðið að kaupa Ericson PC tölvu frá Kristjáni O. Skagfjörð. Lokahóf KKI var haldið í Sigtúni þetta árið. Samið var við Ríkisútvarpið eins og undanfarin ár. Einar Bollason og Gunnar Þorvarðarson voru endurráðnir landsliðsþjálfar næstu 3 árin. Að lokum sagði formaður KKI að hlutur körfuknattleiksmanna í íslenskum íþróttum væri orðinn mjög stór og til marks um það nefndi hann að tveir körfuknattleiksmenn hefðu verið í hópi tíu bestu íþróttamanna landsins í kosningu íþróttafréttmanna. Einnig fór Björn yfir helstu verkefni nefnda innan KKI.

4. GJALDKERI LEGGUR FRAM ENDURSKODADA REIKNINGA TIL SAMÞYKKTAR.

Kristinn Albertsson fráfarandi gjaldkeri las upp reikninga og sagði m.a. að Kvinnalandsliðsnefnd skilaði nú hagnaði annað árið í röð. Hann sagði að rekstur Unglinganefndar hefði hins vegar ekki gengið eins vel og hefði þar að mestu mátt kenna Portúgalsferð um. Rekstur Landsliðsnefnar hefði nú skilað hagnaði og lofaði hann sérstaklega miklar og góðar fjáraflanir þeirra. Hagnaður stjórnar KKI var rúmlega 1.400.000 kr. og sagði hann að þann hagnað mætti m.a. skýra af LOTTO peningum og auknum styrk frá ISI. Hann sagði að nú þegar hefði KKI fengið rúmlega 700.000 kr. frá LOTTO og hefði þeim peningum verið varið í að greiða niður skuldir KKI svo og í rekstur. Á móti þessu sagði hann að nú væri styrkur ISI svo til ósnertur en það væri óvanalegt á þessum tíma árs. Að lokum las gjaldkeri upp aðalefnahagsreikning og aðalrekstrarreikning KKI.

Sveinn Björnsson hvaddi sér hljóðs og þakkaði stjórn KKI fyrir greinagóða skýrslu svo og gott starf. Hann sagði að nú væri bjart framundan fjárhagslega fyrir íþróttahreyfinguna. Hann minnst á að LOTTO hefði gengið mun betur en bjartsýnustu menn hefðu þorað að vona og sagði að á næsta ári mætti KKI eiga von á að fá 3 milljónir frá LOTTO. Hann sagði að LOTTO væri í raun mjög gamall leikur og væri hann nú orðinn vinsæll um allan heim. Hann sagði að nú stæði fyrir dyrum að auka umfang LOTTO því áætlað væri að tengja það við Grænland og Færeyjar innan skamms. Hann sagði að skuldir LOTTO væru nú engar og frá og með 1. júní yrði byrjað að greiða ákveðna prósentu til ameríska fyrirtækisins fyrir afnot af vélunum. Hann talaði einnig um að þó LOTTO væri komið þá myndi styrkur frá íslenska ríkinu að öllum líkindum ekki fara lakkandi. Hann sagði að nú væri byrjað að huga að því að byggja hús nr. 4. Hann minntist á að ISI hefði fjárfest í Póstfax vél sem sérsamböndum væri að sjálfsögðu heimilt nota. Verkefni framundan hjá ISI eru íþróttahátið 1990 í Reykjavík og á Akureyri, nefnd hefur þegar verið skipuð vegna þess.

Hermann Guðmundsson þingforseti þakkaði forseta ISI fyrir ávarpið.

Nú hafði kjörbréfanefnd lokið störfum og var það Ragnar Sigurðsson sem las upp nöfn þingfulltrúa.

Þingið sátu eftirfarandi fulltrúar:

Frá IBR Sigvaldi Ingimundarson
Þorgeir Ingvason
Friðla Torfadóttir
Sigurður Valur Halldórsson
Sigurbergur Björnsson
Sigurður Valur Halldórsson
Þórarinn Guðmundsson
Gunnar Jóakimsson
Birgir Guðbjörnsson
Ásta Kr. Sveinsdóttir
Ágúst Jóhannesson
Hanna Birgisdóttir
Sigurður Lárus Hólm
Auðunn Ágústsson
Jón Steingrímsson
Gunnar Svavarsson
Kristinn Albertsson

Frá UIA Magnús Þórarinsson

Frá IBS Eyjólfur Guðlaugsson
Sveinbjörn Bjarnason
Steinþór Helgason
Sveinbjörn Sigurðsson
Rúnar Arnason
Júlíus Valgeirsson
Sigríður Guðbjörnsdóttir
Kristján Möller
Einar Jónsson

Frá IBA Guðmundur B. Guðmundsson
Jóhann Sigurðsson
Hrafnkell Tulinius

Frá IA Ragnar Sigurðsson

Frá IBH Skúli Valtýsson
Asgrímur Ingólfsson
Kristinn Guðnason
Ingvar Kristinsson
Sólveig Pálsdóttir
Magnús Már Júlíusson
Sverrir Marinósson

Frá IBK Skúli Þ. Skúlason
Gunnhildur Hilmarsdóttir
Jóhann Sigurðsson
Gunnar Jóhannsson
Jóna S. Eðvaldsdóttir

Þingforseti minntist á að smávægilegur formgalli væri á kjöbréfunum þar sem þingfulltrúar væru ekki fulltrúar fyrir ákveðin félög heldur héraðssambönd.

Opnuð var umræða um skýrslu stjórnar og reikninga.

Skúli Skúlason steig í pontu á sagði það óeðlilegt að LOTTO peningar KKI hefðu verið notaðir í að greiða skuldir. Hann sagði að fjármagn vantaði í margt s.s. unglíngamál, kvennalandslið og fræðslumál. Hann kvartaði einnig yfir niðurröðuninni í skólamóti KKI 1987, einnig bað hann um sundurliðun á tekjum v/samnings við ríksútvarp. Hann fordæmdi einnig vinnubrögð dómara nefndar þegar óhapp kom upp á leik UMFN og IBK s.l. vetur og rokið var með málin í blöðin og sagði það ekki vera íþróttinni til framdráttar.

Gunnar Jóakímsson þakkaði stjórn KKI fyrir samstarfið og þá sértaklega Kristni Albertssyni. Hann spurðist fyrir um skil félaga út á landi á tekjum KKI af heimaleikjum. Hann sagðist vera meðmæltur því að LOTTO peningum ætti að verja í eflingu unglínga- og fræðslustarfs.

Kristinn Albertsson svaraði Skúla og sagði varðandi LOTTO peninga að hér væri aðeins um tilfærslu á peningum að ræða. Í stað þess að ganga á styrk ISI hefðu LOTTO peningar verið notaðir. Hann sagði einnig að mjög erfitt væri að raða niður skólamótinu þar sem koma þurfti yfir 70 leikjum fyrir á rúmlega tveim dögum. Einnig gaf hann upp skiptingu á peningum frá ríkisútvarpinu. Hann svaraði Gunnar J. og sagði að einungis HAUKAR og UMFN hefðu staðið í skilum með umrædda peninga.

Björn M. Björgvínsson kom í pontu og vildi koma því að að IBK fær ekki gistingu í skólum í Reykjavík vegna slæmrar umgengni. Hann sagði það vera orðið alvarlegt mál hversu slæm hegðun leikmanna og þjálfara væri eftir leiki og átti þá við öll félög.

Skýrsla stjórnar og reikningar KKI voru nú borin upp til atkvæðagreiðslu og voru þau samþykkt einróma.

5. KOSNING FASTRA NEFNDA.

Tillögur fráfarandi stjórnar:

Laga- og leikreglanefnd

Skúli Þ. Skúlason
Þorgeir Ingvason
Birgir Guðbjörnsson

Allsherjarnefnd

Sig. Lárus Hólm
Sigvaldi Ingimundarson
Guðmundur B. Guðmundsson

Fjárhagsnefnd

Kristinn Albertsson
Gunnar Jóakímsson
Ágúst Jóhannesson

Þingforseti vakti athygli á því að nefndirnar væru allar opnar fyrir hvaða þingfulltrúa sem er. Efstu menn í hverri nefnd eru formenn nefnda og skulu þeir sjá um að kalla nefndina saman.

Björn M. Björgvínsson hvatti menn til þess að koma tillögum og hugmyndum á framfæri við nefndir.

6. FRAFARANDI STJÖRN LEGGUR FRAM FJÁRHAGSÁÆTLUN.

Kristinn Albertsson lagði fram fjárhagsáætlun (þingskjal nr. 19) og skýrði þá liði sem hann taldi þurfa skýringa við. Hann sagði m.a. að verið gæti að LOTTO peningar væru of lágt áætlaðir í ljósi þeirra staðreynda sem komið hefðu fram hjá Sveini Björnssyni. Kristinn sagðist hafa gert LOTTO áætlun í samræmi við upplýsingar sem gjaldkeri ISI gaf.

Kristinn Guðnason kom í pontu og sagðist vilja gera athugasemdir við framlagða fjárhagsáætlun. Hann sagði að Unglinganefnd stæði mjög illa og það væri m.a. vegna fáránlegrar Portúgalsferðar sem farin hefði verið. Hann sagði tillögu stjórnar KKI gerði ráð fyrir tuttugu þúsund króna hækkun frá síðasta ári, þ.e. í fyrra hefði Landsliðsnefnd fengið 560 þús. en nú væri gert ráð fyrir 580 þús. Hann gagnrýndi harðlega þessa tillögu og mæltist til þess að henni yrði breytt.

Kristinn Albertsson svaraði Kristni Guðnasyni og sagði að styrkur KKI til Landsliðsnefndar hefði verið 300 þús. eins og ákveðið var á síðasta ársþingi, hins vegar stafaði mismunurinn af því að kostnaður vegna þátttöku Íslands í evrópukeppninni í Belgíu hefði verið færður á Landsliðsnefnd, en ákveðið var að stjórn KKI greiddi þann kostnað.

Þorgeir Ingvason kom í pontu og lagði m.a. til að þátttökugjöld yrðu felld niður, hann fékk samþykki þingsins fyrir því að leggja fram tillögu þess efnis (þingskjal nr. 21). Einnig minntist hann á að styrkja þyrfti unglíngastarfið enn frekar.

Sveinn Björnsson sagði að KKI fengi miklu meira fé frá LOTTO heldur en gert væri ráð fyrir í fjárhagsáætlun og ítrekaði það að KKI fengi lágmark 3 milljónir frá LOTTO, hann sagði að KKI ætti von á því að fá 700 þús. fyrir lok júní. Hann sagði að sérsambönd yrðu að koma til móts við félögin í fjármálum. Hann minntist á að HSI og KSI ætluðu að fella niður þátttökugjöld hjá sér.

Björn M. Björgvinsson fékk samþykki þingsins fyrir því að koma fram með tillögu þess efnis að LOTTO peningum yrði skipt í ákveðnum hlutföllum (þingskjal nr. 20).

Gunnar Jóakimsson sagði að nú væru komnar allt aðrar forsendur fyrir fjárhagsáætlun þar sem LOTTO peningar yrðu miklu hærri.

Agúst Jóhannesson kom í pontu og sagði það vera rétt að Portúgalsferð hefði orðið dýr og í raun dýrari en gert var ráð fyrir í upphafi þar sem ekki var staðið við það sem lofað var af hálfu Portúgala. Hann sagði það að þótt ferðin hefði orðið dýr þá myndu drengirnir búa lengi að þessu. Hann kom einnig með fyrirspurn um hvort styrkur til landsliða myndi hækka ef LOTTO tekjur ykjust.

Sigurður Lárus Hólm kom í pontu og spurði forseta ISI að því hvort það væri rétt skilið hjá sér að þátttökugjöld væru hluti að eigin fjáröflunum og með því að fella þau niður þá væri verið að skerða þessar fjáraflanir. Hann spurði einnig hvort ekki væri rétt að LOTTO peningar til sérsambanda væru reiknaðir út af stórum hluta út frá eigin fjáröflunum.

Sveinn Björnsson svaraði þessu svo til að hægt væri að halda þáttökugjöldum tekju megin og greiða þau til baka gjalda megin og þar með væri eiginfjáröflun óskert.

Auðunn Agústsson sagði að það væri sin skoðun að þessir LOTTO peningar týndust efst í pýramídanum og kæmu aldrei niður til þeirra sem á þeim þyrftu að halda.

Kristinn Guðnason vildi vekja athygli á því að héraðssambönd fá peninga frá LOTTO og félög eiga að fá peninga frá þeim, en ekki sérsamböndum. Einnig lýsti hann yfir stuðningi við tillögunni um hlutfallslega skiptingu LOTTO peninga (þingskjal nr. 20).

Samþykkt að vísa þingskjölum nr. 19, 20 og 21 til fjárhagsnefndar.

Sigurður Valur Halldórsson vildi koma fram með breytingartillögu við þingskjal nr. 10 (sjá þingskjal nr. 22). Hann vildi einnig koma fram með athugasemd við þingskjal nr. 10. Hann vildi hafa 10 daga frest til þess að skila inn athugasemdum í stað fastra dagsetninga.

Sigurður Lárus Hólm kom í pontu og talaði fyrir þingskjali nr. 18. Hann sagði að félög hefðu almennt ekki haft miklar skoðanir á málinu. Erfitt hefði verið að sjóða saman tillögur að breytingum vegna lítillar svörunar við spurningalista sem millipínganefndin hafði sent út. Einnig hefði mæting á allsherjarnefndafundi verið lítil sem engin.

Sigurður Valur Halldórsson vildi koma með breytingartillögu við þingskjal nr. 18. Hann mælti með því að í stað þess að 4-6 lið spiluðu í riðlum myndu 5-6 lið spila í riðlum. Einnig benti hann á að samræma þyrfti daga sem félög hefðu til þess að skila inn skýrslum, annaðhvort 2 eða 4 daga. Að lokum kom hann með breytingartillögu við þingskjal nr. 18 (sjá þingskjal nr. 23). Þingið samþykkti að tillagan yrði tekin fyrir.

Agúst Jóhannesson kom í pontu og minntist á að hann væri ekki ánægður með breytinguna sem gerð yrði í I. deild karla. Hann sagði að styrkleikamunur á liðum sem nú léku í I. deild og liðum sem léku í II. deild væri of mikill. Hann vildi því halda þessum deildum skiptum áfram.

Samþykkt að vísa þingskjölum nr. 1, 3, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 14, 15, 16, 17 og 22 til Allsherjarnefndar.

Samþykkt að vísa þingskjölum nr. 2, 4, 5, 13, 18 og 23 til Laga- og leikreglanefndar.

B. UMRÆÐA UM AÐRAR TILLÖGUR OG ÖNNUR MÁL.

Enginn önnur mál höfðu borist og var því engin umræða.

Var nú gert þinghlé til kl. 14:30 sama dag. Nefndir störfuðu á meðan.

SEINNI HLUTI

9. NEFNDARALIT OG TILLÖGUR OG UMRÆÐUR UM ÞÆR.

a) Fjárhagsnefnd.

Kristinn Albertsson mælti fyrir fjárhagsnefnd. Nefndin lagði til breytta fjárhagsáætlun (sjá þingskjal nr. 24) og lagði til að hún yrði samþykkt óbreytt. Tillögum skv. þingskjölum nr. 19, 20 og 21 var að öðru leyti vísað frá. Nefndin lagði einnig fram aðra tillögu (sjá þingskjal nr. 25) þar sem lagt var til að ef LOTTO peningar færu fram úr 1725 þús. þá yrði umframingum skipt í ákveðnum hlutföllum. Hann vakti sérstaka athygli á því að 10% af þeim fjármunum yrði varið í sérstakan sjóð til eflingar og kynningar unglingamála t.d. í skólum o.fl.

Sigurður Valur Halldórsson dró nú breytingartillögu sína til baka skv. þingskjali nr. 21. Hann sagði að tilgangur tillögunar hefði náðst.

Kristinn Guðnason sagði að fjárhagsáætlun væri óraunhæf. Hann vildi að gert yrði ráð fyrir 3 milljónum frá LOTTO í fjárhagsáætlun eins og forseti ISI hafði talað um. Hann sagðist vilja ítreka stuðning sinn við tillögu Björns M. Björgvinssonar um hlutfallslega skiptingu LOTTO peninga.

Gunnar Jóakimsson sagði að fjárhagsnefnd hefði álitnið svo að 1725 þús. væru nokkuð öruggar tekjur af LOTTO. Ef hins vegar tekjurnar yrðu meiri þá tryggði tillaga nefndarinnar Landsliðsnefnd 200 þús. aukalega ef LOTTO peningar yrðu 3 milljónir.

Tillögur fjárhagsnefndar (þ.e. þingskjöl nr. 24 og 25) voru nú bornar undir atkvæði og voru þær samþykktar einróma. Þingskjölum 19, 20 og 21 var vísað frá.

b) Laga- og leikreglnanefnd.

Skúli Þ. Skúlason mælti fyrir laga- og leikreglnanefnd. Hann sagði að nefndin hefði fengið 5 mál til umfjöllunar.

Þingskjal nr. 2 sem er breytingartillaga við 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót þar stangast 1. breyting á við þingskjal nr. 18 og var því þeirri breytingu vísað frá, en breytt í þingskjali nr. 18 í staðinn (sjá þingskjal nr. 26) það var samþykkt. Einnig lagði nefndin til að breytingar 2 og 3 í þingskjali nr. 2 yrðu samþykktar sem og var gert.

Þingskjal nr. 4, hann sagði að það væri skilningur nefndarinnar að það stangaðist á við grundvallarreglur að leyfa jafntefli í körfuknattleik. Nefndin lagði því til að tillögunni yrði vísað frá (sjá þingskjal nr. 27).

Kristinn Albertsson kom nú í pontu og sagðist vilja koma því á framfæri að jafntefli væri leyft í evrópukeppnum á vegum FIBA og því væri ekki verið að brjóta neinar reglur.

Þingskjal nr. 4 var borið óbreytt undir atkvæði og var það samþykkt einróma, jafnframt var samþykkt að veita stjórn KKI heimild til

Þess að gera þær breytingar sem þyrfti til þess að fella þessar tillögur inn í lögin. Þingskjal nr. 27 var fellt.

Skúli Þ. Skúlason kom aftur í pontu og mælti með því fyrir hönd nefndarinnar að þingskjal nr. 5 yrði samþykkt óbreytt. Það var samþykkt einróma af þinginu.

Þingskjal nr. 13, nefndin mælti með að það yrði samþykkt sem og var gert.

Að lokum fjallaði nefndin um þingskjal nr. 18. Hún lagði til að það yrði samþykkt, þó með þeim breytingum sem talað var um í þingskjölum nr. 2 og 26. Einnig vildi nefndin leiðrétta misritun í þingskjalinu þar sem segir að lið númer 1 skuli leika við lið númer 3 í stað 4 og að lið númer 2 skulu leika við lið númer 4 í stað 3. Nefndin lagði til að fjöldi liða í riðlum yrði óbreyttur. Einnig lagði nefndin til að skila þyrfti skýrslum innan 4 daga í stað 2 daga til KKI. Nefndin lagði einnig til að breytingartillaga skv. þingskjali nr. 23 yrði samþykkt.

Björn M. Björgvinsson fannst vanta að þingfulltrúar segðu álit sitt á þessum breytingum sem væri verði að gera hann óskaði eftir einhuga ályktun.

Skúli Þ. Skúlason sagði að umræður yrði að vera opnar um þessi mál í framtíðinni.

Sigurður Valur Halldórsson sagði að þingið yrði að ákveða nú hvaða lið tækju sæti í úrvalsdeild næsta ár. Hann sagðist einnig falla frá tillögu sinni um breytingu á fjölda liða í riðlum.

Sigurður Lárus Hólm sagði að það hefði ekki verið hlutverk millipinganefndar að ákveða framkvæmd tillögunnar. Þó var sú skoðun almenn að ekki ætti að keppa um sætin.

Tillögur þessar voru nú bornar undir atkvæði og voru þær samþykktar.

Björn M. Björgvinsson kom nú fram með tillögu um hvaða lið myndu skipa úrvalsdeild næsta ár (sjá þingskjal nr. 28).

Tillagan var samþykkt einróma.

c) Allsherjarnefnd.

Sigurður Lárus Hólm mælti fyrir allsherjarnefnd. þingskjal nr. 1, nefndin lagði til að því yrði breytt á þann veg að aldur miðaðist við áramót en ekki fæðingardag við ákvörðun um þátttöku í lávarðardeild (sjá þingskjal nr. 29).

Björn M. Björgvinsson mælti með því að þingskjal nr. 1 yrði samþykkt óbreytt.

Sigurður Lárus Hólm ákvað að falla frá breytingunni og var því þingskjal nr. 1 samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 3, nefndin leggur til að við skil skýrslna muni pósthstimpill gilda (sjá þingskjal nr. 30). Einnig leggur nefndin til að breyting verði gerð á 11. grein reglugerðar um

körfuknattleiksmót og þar sé ákveðið að umsjónaraðilar sjái um að skila skýrslum inn til KKI, en ekki KKI sjálft (sjá þingskjal nr. 30). Þingskjöl 3 og 30 voru samþykkt.

Þingskjal nr. 6, nefndin lagði til að þingskjalið yrði samþykkt en þó með þeim breytingum að í stað þess að lið tapi 0-3 komi 0-2 (sjá þingskjal nr. 31). Þingskjöl 6 og 31 voru samþykkt.

Þingskjöl nr. 7, 8 og 9 voru samþykkt óbreytt án umræðu um þau.

Þingskjal nr. 10, nefndin leggur til að næstsiðasta greinin falli niður (sjá þingskjal nr. 32). Nefndin lagði til að breytingartillaga frá Sigurði Val Halldórssyni yrði vísað frá (sjá þingskjal nr. 22). Að öðru leyti mælir nefndin með því að þingskjalið sé samþykkt.

Eyjólfur Guðlaugsson kom með fyrirspurn um sektir. Ef félag hættir keppni þá hlýtur það að gefa nokkra leiki. Er það ætlun stjórnar sekta félög í þessum tilfellum bæði fyrir að gefa leikinn og eins fyrir að hætta keppni.

Kristinn Albertsson kom í pontu og sagði það vera skilning núverandi stjórnar að slíkt yrði ekki gert.

Sigurður Valur Halldórsson sagðist draga breytingartillögu sína til baka (sjá þingskjal nr. 22).

Þingskjöl nr. 10 og 32 voru nú borin undir atkvæði og samþykkt einróma.

Nefndin lagði til að þingskjöl nr. 11, 12, 14, 15, 16, 17 yrðu samþykkt óbreytt sem og var gert.

Þingforseti sagði að nú yrði að samþykkja eina breytingu í viðbót þar sem svo viðamiklar breytingar hefðu verið gerðar á lögum KKI, þ.e. að samþykkja lögina í heild með áorðnum breytingum og var það samþykkt einróma.

10. ÖNNUR MÁL.

Eyjólfur Guðlaugsson kom í pontu og lýsti þeirri skoðun sinni að lengd keppnistímabilsins væri of langt. Hann mælti með því að mótinu yrði þjappað meira saman og jafnvel spilaðir tveir leikir í viku og gefið yrði mánaðar jólafrí.

Sigurður Valur Halldórsson kom í pontu og sagði að lög KKI væru orðin of viðamikil og ruglingsleg og lagði því fram tillögu þess efnis að stjórn KKI skipaði millíþinganefnd sem ætlað væri að samræma og endurskoða lög og reglugerðir KKI (sjá þingskjal nr. 33).

11. KOSNING 3ja MANNA Í KÖRFUKNATTLEIKSDÖMSTÓL OG 3ja MANNA TIL VARA.

Þingforseti las upp tillögur kjörbréfanefndar, en þær voru eftirfarandi:

Aðalmenn: Gísli Gíslason til þriggja ára.
Hilmar Hafsteinsdóttir til tveggja ára.
Kristinn Guðnason til eins árs.

Varamenn: Agúst Jóhannesson til þriggja ára.
Ingi Gunnarsson til tveggja ára.
Kolbeinn Pálsson til eins árs.

12. KOSNING EINS MANNS Í AGANEFND TIL ÞRIGGJA ÁRA OG EINS TIL VARA TIL EINS ÁRS.

Kjörbréfanefnd lagði eftirfarandi til:

Aðalmenn: Þorgeir Ingi Njálsson til þriggja ára.
Jón Eysteinnsson til tveggja ára
Hrafn G. Johnsen til eins árs.

Varamaður: Bogi Þorsteinsson til eins árs.

13. KOSNING 3ja MANNA Í NEFND SAMKVÆMT REGLUGERÐ UM ERLENDA LEIKMENN.

Fellur niður þar sem engir erlendir leikmenn eru leyfðir.

14. KOSNING STJÓRNAR, VARASTJÓRNAR, ENDURSKOÐENDA OG FULLTRÚA Á ÍPRÓTTAÞING.

Tillögur kjörbréfanefndar voru eftirfarandi:

Formaður til eins árs: Björn M. Björgvinsson

Sjálfkjörin til eins árs: Sigurður Hjörleifsson
Sigríður Guðbjörnsdóttir

Stjórnarmenn til tveggja ára: Kristinn Albertsson
Ingvar Kristinsson

Varastjórn til eins árs: Eyjólfur Guðlaugsson
Sveinn Sigurbergsson

Endurskoðendur: Gunnar Gunnarsson
Agúst Jóhannesson

Fulltrúi á ípróttapíng var ekki tilnefndur þar ekki er ípróttapíng þetta árið.

Þingforseti bar þessar tillögur undir atkvæði og voru öll ofangreind kosin einróma.

15. ÞINGFUNDARGERDIR LESNAR OG STAÐFESTAR.

Þingriturum og þingforsetum var að venju boðið upp á að ganga frá þinggerð og senda hana síðan til þingfulltrúa. Til þess að hlífa þingfulltrúum við löngum lestri þá þáðu þeir það.

Þingforseti sagðist að lokum vilja þakka fundarmönnum fyrir gott þing og góða samvinnu. Hann sagði að aðal ástæðan fyrir því að þingið hefði gengið svo vel hefði verið sú að þingið hefði verið óvenju vel undirbúið og þakkaði hann KKI það sérstaklega.

16. ÞINGSLIT.

Björn M. Björgvinsson, nýkjörinn formaður, kom síðan í ræðustól og þakkaði það traust sem honum hefði verið sýnt. Hann bauð nýja stjórnarmenn sérstaklega velkomna. Að lokum þakkaði hann fundarmönnum fyrir góða setu og sagði síðan 27. ársþingi KKI slitið.

Hermann Guðmundsson
Þingforseti

Asta Kr. Sveinsdóttir
Þingritari

ÞINGSKJÖL SEM VORU LÖGÐ FYRIR
ÞINGIÐ.

Þ I N G S K J A L N R . 1

Breytingartillaga við 7. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Eftirfarandi breyting verði gerð:

b) karlar:

1. lávarðardeild: Leikmaður öðlast keppnisrétt í lávarðardeild frá og með þeim degi er hann verður 30 ára.

STJÖRN KKI

ÞINGSKJAL NR. 2

Breytingartillaga við 11. grein reglugerðar um körfknattleiksmót.

Breyting nr. 1

Grein um lávarðardeild orðist eftirfarandi:

Í Lávarðardeild er heimilt að leika tvöfalda umferð á tímabilinu október til mars.

STJÖRN KKI

Breyting nr. 2

Eftirfarandi breyting verði gerð:

.....efsta lið í C-riðil færist í B-riðil í næstu umferð.

a) Ef leikið er í einum riðli þá er það lið Íslandsmeistari sem hlýtur flest stig samanlagt úr öllum umferðunum.

b) Ef leikið er í fleiri en einum riðli þá er það lið Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í A-Riðli í síðustu umferð.

Niðurröðun fyrir

STJÖRN KKI

Breyting nr. 3

Eftirfarandi breyting verði gerð:

..... kunna að koma eftir að keppni er hafin.

Í 5. aldursflokki karla, minnibolta og 3. aldursflokki kvenna skal einungis heimilt að leika maður á mann vörn.

Sigurður Hjörleifsson

ÞINGSKJAL NR. 3

Breytingartillaga við 13. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Greinin orðist eftirfarandi:

Áður en leikur hefst skulu þjálfarar liða afhenda ritara útfyllta skýrslu með nöfnum og númerum leikmanna. Að leikslokum undirrita dómarar skýrsluna ásamt starfsmönnum.

Frankvæmdaaðili leiks (heimalið) skal koma skýrslunni til umsjónar- aðila móts, en til mótanefndar KKI ef um landsmót eða bikarkeppni er að ræða, eigi síðar en 4 dögum eftir leikdag (laugardagar og sunnudagar undanskildir).

Vanræksla á skýrsluskilum varðar dagsektum kr. 100,00 á hverja skýrslu hvern dag. Skýrslur skulu berast mótanefnd KKI með sannanlegum hætti.

Leikskýrsla skal gerð á eyðublöð sem KKI getur út eða er gefin út í umboði þess.

Komi í ljós að leikmaður er ólöglegur, ber félag hans ábyrgð á því.

Sektarupphæðir skulu breytast í sama hlutfalli og breytingar á aðgöngumiðaverði í efstu deild mfl. karla.

STJÖRN KKI

ÞINGSKJAL NR. 4

Breytingartillaga við 16. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Eftirfarandi breyting verði gerð:

..... gilda eftirfarandi reglur í þeirri röð sem þær eru taldar.

1) Það lið sem sigrar í báðum leikjunum kemst áfram. Jafntefli er þó heimilt í bikarkeppni þegar leikið er heima og heiman.

2)

3)

4)

Lið sem mætir ekki til leiks í bikarkeppni án gildra ástæðna að mati mótanefndar fellur samstundis úr keppni.

STJÖRN KKI

ÞINGSKJAL NR. 5

Breytingartillaga við 17. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Eftirfarandi breyting verði gerð:

..... Standi leikar jafnir að loknum venjulegum leiktíma skal framlengja í samræmi við gildandi körfuknattleiksreglur (sjá þó 16. grein).

Það félag, sem fær flest stig skv. framanskráðu vinnur. Náist ekki úrslit á þennan hátt, gilda FIBA reglur eins og þær eru hverju sinni. Taki allt að sex félög

STJÓRN KKI

Þ I N G S K J A L N R . 6

Breytingartillaga við 19. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Bætist við neðst:

Lið sem ekki mætir til leiks og hefur engar gildar ástæður að mati mótanefndar telst hafa tapað leiknum 0-3. Viðkomandi lið getur ekki orðið Íslandsmeistari né bikarmeistari í yfirstandandi móti eða riðli, getur ekki flust í næstu deild eða riðil fyrir ofan á næsta keppnistímabili og getur ekki varist falli þurfi stigamismunur að skera úr um röð neðstu liða. Jafnframt getur lið ekki orðið Íslandsmeistari ef stigamismunur (innbyrðis úrslit) þarf til að skera úr um röð efstu liða.

Lið sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni telst hafa tapað leiknum með stigatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú stigatala ráða.

STJORN KKI

ÞINGSKJAL NR. 7

Breytingartillaga við 20. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Komi næst:

Ef leikjum er frestað eða færðir til án samráðs við mótanefnd KKI þá skal hvort lið sektað um kr. 5.000,00.

Sektarupphæðir skulu breytast í sama hlutfalli og breytingar á verði aðgöngumiða í efstu deild mfl. karla.

STJÖRN KKI.

ÞINGSKJAL NR. 8

Breytingartillaga við 23. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Eftirfarandi breyting verði gerð:

.....birtingu dóms. Afryjunargjald skal vera kr. 500,00 og skal breytast í sama hlutfalli og breytingar á aðgöngumiðaverði í efstu deild mfl. karla.

STJÖRN KKI

ÞINGSKJAL NR. 9

Breytingartillaga við 25. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Greinin orðist eftirfarandi:

KKÍ er heimilt að innheimta ákveðinn hundraðshluta af aðgangseyri, að frádregnum kostnaði vegna húsaleigu og dómara gjalda, að leikjum í Íslandsmóti og Bikarkeppni.

a) Af úrslitakeppni Úrvalsdeildar og af úrslitaleik Bikarkeppni 15% af aðgangseyri.

b) Lið skulu hafa greitt þennan hundraðshluta eða sett tryggingu fyrir greiðslu eigi síðar en hálfum mánuði eftir leik.

Einnig getur KKÍ innheimt þátttökugjöld af flokkum, sem taka þátt í mótum, sem haldin er á vegum þess.

STJÖRN KKÍ

Þ I N G S K J A L N R . 1 0

Breytingartillaga við 27. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Greinin orðist eftirfarandi:

1. Félög skulu tilkynna þátttöku allra flokka í Islandsmót og bikarkeppni eigi síðar en 1. júní. Þátttökutilkynningu skal fylgja staðfestingagjald vegna þátttöku í Islandsmóti, 10% af þátttökugjaldi.

a) Hætti félag við þátttöku fyrir 1. september er staðfestingagjald óendurkræft.

b) Hætti félag við þátttöku eftir 1. september skal allt þátttökugjald ásamt staðfestingagjaldi greitt.

c) Hætti félag við þátttöku þegar innan við sjö dagar eru þar til keppni hefst (skv. mótabók KKI) eða ef keppni er hafin í viðkomandi flokki eða deild þá skal allt þátttökugjald greitt ásamt sektum að upphæð kr. 10.000,00 pr. lið í meistaraflokki karla og kvenna ásamt lávarðardeild og kr. 5.000,00 pr. lið fyrir aðra flokka.

Ef félög hætta þátttöku þá skulu þau tilkynna mótnefnd KKI það með sannanlegum hætti.

Sektir þessar skulu renna til KKI nema annað sé tekið fram.

2. Þátttökugjöld í Islandsmóti greiðast í fernu lagi, þannig:

10% þátttökugjalds fyrir 1. júní.

30% þátttökugjalds fyrir 15. september.

30% þátttökugjalds fyrir 1. nóvember.

30% þátttökugjalds fyrir 15. desember.

Stjórn KKI er heimilt að reikna dráttarvexti á vanskil og reiknast þeir fimmtán dögum eftir gjalddaga.

Þátttökugjöld í Bikarkeppni greiðast fyrir hvern leik, áður en hann fer fram.

FRH:

ÞINGSKJAL NR. 10

Frh. breytingartillaga við 27. gr. reglugerðar um körfuknattleiksm.

3. Hvert félag skal tilnefna dómara til KKI eigi síðar en 25. september fyrir hvern eftirtaldra flokka sem tilkynntir eru í Islandsmót eða bikarkeppni.

- a) Meistaraflokk karla pr. lið tvo dómara.
- b) Meistaflokk kvenna pr. lið einn dómara.
- c) Lávarðardeild pr. lið einn dómara.

Félag sem tekur þátt Islandsmóti eða bikarkeppni skal þó aldrei eiga færri en tvo dómara nema ef það tilkynnir einungis þátttöku í yngri flokkum þá þarf það ekki að eiga neinn.

Dómarar þessir skulu vera orðnir 18 ára og hafa lokið dómaraprófi á vegum KKI. Dómarar þessir verða jafnframt að vera reiðubúnir til þess að dæma fyrir KKI.

Fyrir hvern dómara sem félagi vantar til að ná ofangreindu lágmarki eða dómara sem ekki vilja dæma fyrir KKI skulu félög greiða kr. 20.000,00 (pr. dómara) í svokallaðan "ferðasjóð" dómara (sjá grein 5).

Ferðasjóður þessi skal notaður til þess að greiða ferðakostnað dómara svo langt sem sjóðurinn nær, eftir það greiðir heimalið ferðakostnað.

Ferðasjóður þessi skal vera í vörslu stjórnar KKI og sér hún um innheimtur og greiðslur úr sjóðnum. Félag sem vanrækir greiðslur í sjóðinn getur ekki tekið þátt í mótum á vegum KKI.

Verði afgangur af sjóðnum þá skal hann renna óskiptur til næsta árs.

Halda ber minnst tvö dómaranámskeið áður en keppnistímabilið 1987-1988 hefst ef næg þátttaka fæst. Síðara námskeiðið skal vera eigi síðar en 15. september 1987.

Sektarupphæðir skulu breytast í sama hlutfalli og breytingar á aðgöngumiðaverði í efstu deild mfl. karla.

Millipínganefnd og Stjórn KKI

Þ I N G S K J A L N R . 1 1

Breytingartillaga við 5. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Breyting nr. 1

Eftirfarandi breyting verði gerð:

..... Ferðist dómari á eigin bifreið, skal honum greitt ákveðið gjald fyrir hvern ekinn kílómetur. Gjaldið skal ákveða árlega af stjórn KKI. Verði dómari

STJÖRN KKI

Breyting nr. 2

Eftirfarandi breyting verði gerð:

....., skal fá fríar ferðir, fæði og gistingu sem greiðist af ferðasjóði dómara eða heimaliði (sjá 27. grein). Ferðist

STJÖRN KKI

ÞINGSKJAL NR. 12

Breytingartillaga við 21. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Breyting 1.

Eftirfarandi breyting verði gerð:

Liður d) falli niður.

Breyting 2.

Neðst komi eftirfarandi:

Sektarupphæðir skulu breytast í sama hlutfalli og breytingar á aægöngumiðaverði í efstu deild mfl. karla.

STJÖRN KKI

Breytingartillaga við 14. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót.

14. grein orðist eftirfarandi:

Félag sem ekki mætir til leiks skal greiða allan kostnað af leiknum vegna dómara, vallar, auglýsinga og ferðalaga mótaðilans og sæta þar að auki sekt, sem nemur öllum ferðakostnaði til viðkomandi leikstaðar en þó aldrei lægri upphæð en kr. 10.000,00 sem rennur til KKI. KKI ákveður og annast innheimtu sektarfjár og sér um að greiða til viðkomandi aðila.

Félag sem ekki mætir til leiks í tvo leiki í sama móti án gildra ástæðna að mati mótanefndar skal sektað skv. ofangreindu og vísað úr mótinu.

Ef félag hættir þátttöku eftir upphaf þess eða er vísað úr mótinu skal félagið tapa öllum áunnum stigum og sæta leikbanni til loka keppnistímabils (sjá einnig 27. grein). Jafnframt skal viðkomandi félag hefja þátttöku í næstu deild eða riðli ef það hyggst taka þátt í mótinu á næsta keppnistímabili.

Allar sektargreiðslur skulu renna til KKI nema annað sé tekið fram. Félag sem vanrækir sektargreiðslur missir rétt til þátttöku á næsta keppnistímabili.

Sektarupphæðir skulu breytast í sama hlutfalli og breytingar á aðgöngumiðaverði í efstu deild Mfl. karla.

STJÖRN KKI

Þ I N G S K J A L N R . 1 4

Breytingartillaga við 5. grein reglugerðar fyrir mótanefnd.

Eftirfarandi breyting verði gerð:

... sérstakar óskir sem félögin vilja koma á framfæri. Mótanefnd skal stefna að að senda út uppkast að leikjaskrá fyrir 20. ágúst. Félög hafa frest til 1. september til að skila athugasemdum og draga flokka úr keppni sbr. 27. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

STJÖRN KKI

ÞINGSKJAL NR. 15

Breytingartillaga við 3. grein reglugerðar fyrir dómarnefnd.

3. grein orðist eftirfarandi:

3. Dómarnefnd skal skipuleggja og sjá um í minnsta lagi tvö dómarnámskeið á hverju ári (ef þátttaka fæst), þar af annað að hausti áður en keppni hefst.

Dómarnefnd skal einnig sjá um útgáfu og dreifingu upplýsinga um dómaramál.

STJÖRN KKI

ÞINGSKJAL NR. 16

Breytingartillaga við 6. grein reglugerðar fyrir dómaranefnd.

Eftirfarandi breyting verði gerð:

6. grein falli niður.

STJÖRN KK1

Þ I N G S K J A L N R . 1 7

Breytingartillaga við 8. grein reglugerðar um dómarnefnd.

Eftirfarandi breyting verði gerð:

..... greiða dómarnefnd ákveðið gjald, dómargjald, fyrir hvern leik. Stjórn KKI ákvarðar upphæð dómargjalds. Stjórn KKI ásamt dómarnefnd ákveða hlut dómara í dómargjaldi.

STJÖRN KKI

Þ Í N G S K J A L N R . 1 8

11. grein í núverandi mynd falli niður í staðin komi ný grein einnig númer 11 sem orðist svo.

Meistaramót Islands í körfuknattleik innanhúss skal halda á tímabilinu 1. október til 15. apríl. Sérráð eða þar til kvödd mótanefnd skal sjá um mótið.

Landsmót karla í meistaraflokki innanhúss skal vera í tveim deildum ÚRVALSDEILD og I. DEILD.

ÚRVALSDEILD: Úrvalsdeild skal skipuð níu liðum sem leika tvöfalda umferð heima og heiman. Liða A sem í fyrri umferð leikur á heimavelli gegn liði B, skal í síðari umferð leika við lið B á heimavelli þess. Lið raðast í lokastöðu Úrvalsdeildar samkvæmt reglum FIBA ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað. Neðsta lið Úrvalsdeildar fellur í I. deild og leikur þar næsta keppnistímabil. Næstneðsta lið Úrvalsdeildar skal leika 2-3 leiki við lið númer tvö í I. deild um þátttökurétt í Úrvalsdeild að ári. Leika skal þar til annað liðið hefur sigrað í tveimur leikjum. Draga skal um það hvort liðið fær fyrst heimaleik.

Að lokinni deildarkeppni Úrvalsdeildar hefst úrslitakeppni, með þátttöku 4 efstu liða deildarinnar. Úrslitakeppnin skal háð þannig að lið númer 1 leikur við lið númer 4 og lið númer 2 leikur við lið númer 3. Þau tvö lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum leika síðan til úrslita. Það lið sem fyrr sigrar í tveimur leikjum telst Íslandsmeistari í körfuknattleik. Um leikstaði í úrslitakeppni gilda þær reglur að það lið sem ofar er að lokinni deildarkeppni fær fyrsta heimaleik og þann þriðja ef til hans kemur. Um tekjuskiptingu í fyrsta og öðrum leik í báðum lotum, gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti, en komi til þriðja leiks skulu bæði lið bera af honum jafnan kostnað og hafa jafnar tekjur.

I. DEILD: Skal skipuð þeim liðum sem ekki eiga sæti í Úrvalsdeild. Leikið skal í einni deild, heima og heiman. Sigurvegari í I. deild leikur í Úrvalsdeild að ári, en lið númer tvö leikur við næstneðsta lið Úrvalsdeildar 2-3 leiki um þátttökurétt í Úrvalsdeild næsta keppnistímabil.

Mótanefnd KKI er þó heimilt að ákveða annað keppnisfyrirkomulag í I. Deild með tilliti til fjölda liða hverju sinni og þá í samráði við þau.

Í keppni I. Deildar gilda reglur FIBA um niðurröðun liðanna, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað.

Í **LAVARÐARDEILD** skal leikin tvöföld umferð á tímabilinu nóvember til mars.

Sá aðili sem sigrar í Úrvalsdeild hlýtur sæmdarheitið "Íslandsmeistari" og gildir hið sama um sigurvegarana í I. deild Íslandsmótsins í meistaraflokki kvenna.

ÞINGSKJAL NR. 18 FRH.

Verðlaun fyrir meistaramót má ekki afhenda, ef aðeins eitt lið tilkynnir þátttöku. Keppt skal um titilinn. Mótanefnd er heimilt að skipta landinu í keppnissvæði. Á hverju svæði skal starfa sérstök svæðisnefnd, sem undirnefnd mótanefndar. Svæðisnefnd sér um framkvæmd svæðiskeppni, sem skal fara fram á tímabilinu október til mars.

Svæðiskeppni fer fram í öllum flokkum nema Úrvalsdeild, I. deild karla og meistaraflokki kvenna.

Að loknum svæðakeppnum fer fram sérstök úrslitakeppni. Mótanefnd annast framkvæmd úrslitakeppni.

Í MEISTARAFLOKKI KVENNA skal mótanefnd KKI ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þátttökuliða og þá í samráði við þau.

Keppni í öðrum flokkum á Islandsmóti innanhúss, en í deildum karla og kvenna svo og í 1. og 2. flokki karla skal hagað á eftirfarandi hátt:

a) Í 3., 4. og 5. aldursflokki karla og 2. og 3. aldursflokki kvenna svo og í Minnibolta skal skipta liðum í 4-6 liða riðla þar sem þátttaka leyfir.

Stefnt skal að því að Minnibolti og 4. flokkur karla svo og 3. flokkur kvenna leiki saman um helgi og 3. og 5. flokkur karla og 2. flokkur kvenna um aðra.

Keppni þessi skal fara fram í nóvember, janúar, mars og í apríl.

Í riðlunum skal leikið laugardag og sunnudag, ef með þarf skal einnig leikið á föstudegi.

Í þeim flokkum þar sem þátttaka leyfir tvo eða fleiri riðla skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli. Leikið skal í A-riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu og þrisvar í B-riðlum og C-riðlum eina helgi í senn og leik þá allir við alla, innan sama riðils. Ef þátttaka er það lítil að aðeins er hægt að hafa einn riðil þá er leyfilegt að leika þrisvar sinnum á keppnistímabilinu í þeim flokkum.

Eftirfarandi færslur skulu vera á liðum milli riðla eftir hverja umferð: Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil, efsta lið í B-riðli færist í A-riðil, neðsta lið í B-riðli færist í C-riðil, efsta lið í C-riðli færist í B-riðil í næstu umferð.

Það lið sem flest stig hlýtur í A-riðli í síðustu umferð er Islandsmeistari.

Niðurröðun fyrir Islandsmót 1985-1986 skal fara eftir árangri fyrra árs. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum í riðlakeppninni 1984-1985 skulu leika í A-riðli keppnistímabilið 1985-1986. Í B-riðli skulu leika þau lið sem á eftir komu og í C-riðli leika þau lið sem flesta tapleiki höfðu.

Úrslit úr síðustu umferð mun í framtíðinni ráða röð liða fyrir næsta ár á eftir, lið skulu þó færast milli riðla eins og að framan segir svo framarlega að fjöldi lið í riðlunum breytist ekki milli ára.

Ef lið tekur þátt í Islandsmóti sem ekki tók þátt í því árið áður þá skal það hefja keppni í lakasta riðlinum.

Fjöldi liða í riðlunum skal ákveðinn þannig: 7 lið eða færri leika í einum riðli, 8-12 liða leika í tveimur riðlum, 13-18 lið skulu leika í þremur riðlum. Séu fleiri en 18 lið í flokki skal leikið í fjórum riðlum.

ÞINGSKJAL NR. 18 FRH.

Þar sem fjöldi liða innan sama aldursflokks er misjafn milli riðla, skal efri riðill eða efri riðlar, hýsa fleiri lið en sá neðri, eða þeir neðri. Dæmi: 14 lið í flokk, þá eru 5 lið í A-riðli, 5 lið í B-riðli og 4 lið í C-riðli. Annað dæmi: 9 lið í flokk, þar eru 5 lið í A-riðli og 4 í B-riðli. Komi í ljós, áður en mót hefst, að forföll hafi orðið á þátttöku er mótanefnd heimilt að færa lið milli riðla, svo að fjöldi liða í riðlunum verði sem jafnastur. Það skal þó gert með tilliti til styrkleika liðanna.

KKÍ ber að tilnefna minnst einn dómara til umsjónar með hverri keppni. Skal hann ábyrgur fyrir leikskýrslum: að þær séu rétt útfylltar og berist mótanefnd KKÍ innan tveggja daga frá keppni. Jafnframt starfar hann sem eftirlitsmaður með framkvæmd leikja og úrskurðar um öll deilumál er upp kunna að koma eftir að keppni er hafin.

Í 5. aldursflokki og minnibolta skal einungis heimilt að leika maður á mann vörn.

- b) Þátttökuliðum í 1. og 2. aldursflokki karla skal skipt í riðla ef liðin eru átta eða fleiri. Leikin skal einföld umferð allir við alla. Þeir sem flest stig hljóta í hverjum riðli keppa til úrslita. Sigurvegari er sá sem sigrar í úrslitakeppninni.
- c) Stjórn KKÍ skal í samráði við allsherjarnefnd setja reglur um skiptingu kostnaðar vegna keppni þessarar.

Milliþinganefnd

ÞINGSKJAL NR. 18 FRH.

Breytingartillaga við 8. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Orðin "II. Deild " falli niður.

Breytingartillaga við 16. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Í stað orðanna "þátttökurétt í átta liða úrslitum ásamt tveimur liðum" kemur "þátttökurétt í sextán liða úrslitum ásamt þeim liðum".

Orðin "Eftir að í átta liða úrslit kemur" falla niður.

Setningin "Leikjum að átta liða 1. mars" falli niður.

Breytingartillaga við 26. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Orðin "og í leikjum að átta aldursflokkum og" falli niður.

Breytingartillaga við 6. grein reglugerðar fyrir dómaranefnd.

Orðin "II. deild falli niður".

Millipínganefnd KKI

ÞINGSKJAL NR. 19

FJARHAGSAE TLUN K. K. I. 1.5. 1987 - 30.4. 1988

INNSTREYMI :

| | |
|-----------------------------|-----------|
| ÞATTTÖKUGJÖLD Í ISLANDSMÖTI | 525.000 |
| TEKJUR AF LEIKJUM | 45.000 |
| TEKJUR AF LEIKSKRÁ | 120.000 |
| SJÓNVARPSRÉTTINDI | 350.000 |
| ÞATTTÖKUGJÖLD Í BIKARKEPPNI | 170.000 |
| STYRKUR ÍSÍ | 945.000 |
| LOTTO | 1.200.000 |
| SELT KENNSLUEFNI | 60.000 |
| ÖINNHEIMTAR AUGLYSINGAR | 110.000 |
| SKULDUNAUTAR | 460.000 |
| | |
| SAMTALS | 3.985.000 |

ÚTSTREYMI :

| | |
|------------------------------------|-----------|
| ÍSLANDSMÖT | 205.000 |
| ÖSUNDURLIÐAR KOSTN. V/MÖTA | 350.000 |
| BIKARKEPPNI | 35.000 |
| FRAMKVÆMDASTJÖRI | 550.000 |
| AKSTUR | 70.000 |
| REKSTUR SKRIFSTOFU | 280.000 |
| ÞINGHALD, FUNDIR, GJAFIR O.FL. | 150.000 |
| STYRKUR TIL LANDSLIÐSNEFNDAR | 580.000 |
| STYRKUR TIL UNGLINGANEFNDAR | 390.000 |
| STYRKUR TIL KVENNALANDSLIÐSNEFNDAR | 190.000 |
| FRÆÐSLUMAL | 150.000 |
| YMIS KOSTNAÐUR | 80.000 |
| GREIÐSLA AF SKULDABRÉFI VI | 280.000 |
| LÁNADROTTNAR | 675.000 |
| | |
| SAMTALS | 3.985.000 |

STJÖRN KKI

ÞINGSKJAL NR. 20

Árþing Körfuknattleikssambands Íslands haldið í íþróttamiðstöðinni í Laugardal 24. maí 1987 samþykkir að Lotto - hagnaði KKÍ verði skipt upp í eftirfarandi hlutföllum starfsárið 1987-1988.

| | |
|------------------------|-----|
| Landsliðsnefnd | 52% |
| Unglingalandsliðsnefnd | 28% |
| Kvennalandsliðsnefnd | 15% |
| Óráðstafað | 5% |

Skýringar:

- 1) Þátttökugjöld verði óbreytt á milli ára.
- 2) 10% hlutdeild í innkomu af leikjum verði felld niður.
- 3) Samningar um sjónvarpsrétt verði færður til félaganna.
- 4) Allar landsliðsnefndirnar biðja um meiri fjárframlög.

Björn M. Björgvinsson

ÞINGSKJAL NR. 21

Árþing KKI 24. maí 1987 samþykkir að fella niður þáttökugjöld í
Íslandsmóti starfsárið 1987-1988.

Þorgeir Ingvason
Þórarinn Guðmundsson
Gunnar Jóakimsson
Birgir Guðbjörnsson
Sigurður Valur Halldórsson

Þ I N G S K J A L N R . 2 2

Breytingartillaga við þingskjal nr 10.

Liður númer 3 falli niður að síðustu greinarskilum þar sem grein
hefst að
..... Sektarupphæðir skulu o.frv.

Sigurður Valur Halldórsson
Þorgeir Ingvason

Þ I N G S K J A L N R . 2 3

Breytingartillaga við þingskjal nr. 18.

Síðasta málsgreinin falli niður að setningunni
..... Mótanefnd annast o.s.frv.

Sigurður Valur Halldórsson
Þorgeir Ingvason

ÞINGSKJAL NR. 24

FJARHAGSAÆTLUN K. K. L. 1.5. 1987 - 30.4. 1988

INNSTREYMI :

| | |
|-----------------------------|--------------------------------|
| ÞATTTÖKUGJÖLD Í ISLANDSMÖTI | 525.000 |
| TEKJUR AF LEIKJUM | 45.000 |
| TEKJUR AF LEIKSKRA | 120.000 |
| SJONVARPSRÉTTINDI | 350.000 |
| ÞATTTÖKUGJÖLD Í BIKARKEPPNI | 170.000 |
| STYRKUR ÍSI | 945.000 |
| LOTTO | 1.200.000 1.725.000 |
| SELT KENNSLUEFNI | 60.000 |
| ÖINNHEIMTAR AUGLYSINGAR | 110.000 |
| SKULDUNAUTAR | 460.000 |
| SAMTALS | 3.985.000 4.510.000 |

ÚTSTREYMI :

| | |
|------------------------------------|--------------------------------|
| ISLANDSMÖT | 205.000 |
| ÖSUNDURLIÐAR KOSTN. V/MÖTA | 350.000 |
| BIKARKEPPNI | 35.000 |
| FRAMKVÆMDASTJÓRI | 550.000 |
| AKSTUR | 70.000 |
| REKSTUR SKRIFSTOFU | 280.000 |
| ÞINGHALD, FUNDIR, GJAFIR O.FL. | 150.000 |
| STYRKUR TIL LANDSLIÐSNEFNDAR | 580.000 |
| STYRKUR TIL UNGLINGANEFNDAR | 390.000 |
| STYRKUR TIL KVENNALANDSLIÐSNEFNDAR | 190.000 |
| FRÆÐSLUMAL | 150.000 |
| YMIS KOSTNAÐUR | 80.000 |
| GREIÐSLA AF SKULDABRÉFI VI | 280.000 |
| LANADROTTNAR | 675.000 |
| <i>Greiningsáætlun þáttkæpna</i> | 525.000 |
| SAMTALS | 3.985.000 4.510.000 |

ÞINGSKJAL NR. 25

27. ársþing Körfuknattleikssambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 24. maí 1987 samþykkir að ef Lotto - hagnaður KKI fer upp fyrir kr. 1.725.000 - Ein milljón sjöhundruð tuttugu og fimm þúsund 00/100 þá verði því sem umfram er skipt á eftirfarandi hátt:

| | |
|---|-----|
| Landsliðsnefnd | 25% |
| Unglingalandsliðsnefnd | 20% |
| Stjórn KKI | 20% |
| Kvennalandsliðsnefnd | 15% |
| Fræðslumál | 10% |
| Sjóður vegna útbreiðslu og kynningar unglíngam. | 10% |

Kristinn Albertsson
Gunnar Jóakimsson
Agúst Jóhannesson

ÞINGSKJAL NR. 26

27. ársþing Korfuknattleikssambands Íslands samþykkir að vísa frá breytingu nr. 1 í þingskjali nr. 2. Jafnframt samþykkir þingið að þess í stað verði þessi breyting gerð á þingskjali nr. 18 og felld inn í þá breytingu.

Skúli Þ. Skúlason
Þorgeir Ingvason
Birgir Guðbjörnsson

Þ I N G S K J A L N R . 2 7

Laga- og leikreglanefnd leggur til að tillögu samkvæmt þingskjali nr. 4 verði vísað frá vegna þess að jafntefli samræmist ekki grundvallarreglum í körfuknattleik.

Skúli Þ. Skúlason
Þorgeir Ingvason
Birgir Guðbjörnsson

Þ I N G S K J A L N R . 2 8

Arsping Körfuknattleikssambands Íslands haldið í íþróttamiðstöðinni í Laugardal 24. maí 1987 samþykkir að eftirtalin lið skipi Úrvalsdeild á keppnistímabilinu 1987-1988.

UMFN, VALUR, ÍBK, KR, HAUKAR, FRAM, ÍR, ÞOR OG UMFG.

Önnur lið skipa I. deild karla.

Björn M. Björgvinsson

ÞINGSKJAL NR. 29

Breytingartillaga við þingskjal nr. 1.

Lávarðardeild: Leikmaður öðlast keppnisrétt í lávarðardeild frá og með 30 ára aldri. Aldur miðast við áramót.

Sigurður Lárus Hólm
Sigvaldi Ingimundarson
Guðmundur B. Guðmundsson

ÞINGSKJAL NR. 30

Breytingartillaga við þingskjal nr. 3.

Við ákvörðun um skil á leikskýrslum til KKI þá skal miða við póststimpil.

Einnig verði gerð breyting á 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót, þar sem kveðið er á um að í mótum skuli KKI sjá um að skila inn skýrslum. Í stað KKI komi umsjónaraðilar leikja.

Sigurður Lárus Hólm
Sigvaldi Ingimundarson
Guðmundur B. Guðmundsson

ÞINGSKJAL NR. 31

Breytingartillaga við þingskjal nr. 6.

Eftirfarandi breyting verði gerð:

Í stað þess að félag tapi 0-3 þá tapi þau 0-2, enda er það samkvæmt leikreglum í körfuknattleik.

Sigurður Lárus Hólm
Sigvaldi Ingimundarson
Guðmundur B. Guðmundson

ÞINGSKJAL NR. 32

Breytingartillaga við þingskjal nr. 10.

Allsherjarnefnd leggur til að næstsiðasta greinin í þingskjali nr. 10 verði felld niður.

Frá og með Halda ber til og með 15. september 1987.

Sigurður Lárus Hólm
Sigvaldi Ingimundarson
Guðmundur B. Guðmundsson

ÞINGSKJAL NR. 33

27. ársþing Korfuknattleikssambands Íslands samþykkir eftirfarandi:

Ársþing KÍ samþykkir að stjórn KÍ skipi 3ja manna nefnd sem taki lög og reglugerðir KÍ til endurskoðunar og samræmingar.

Sigurður Valur Halldórsson
Eyjólfur Guðlaugsson
Ragnar B. Sigurðsson

